

Nafn sendanda: Þórdís Ingunn Björnsdóttir Dags.: 22.11.2023	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).	Þingskjal 12 - 12. mál. 154. löggjafarþing 2023-2024
---	--	--

Undirrituð tekur undir umsögn Hagsmunafélags stóðbænda og lætur fylgja með umsögn sína frá fyrra máli, [15. mál á 152. þingi - velferð dýra](#), þann 15.1.2022 - en innihald hennar á einnig við endurflutt frumvarp.

Umsögn frá fyrri flutning máls:

Undirrituð, bóndi og velunnari íslenska hestsins sem hefur hryssur til blóðtöku, er alfarið á móti þessu frumvarpi og mælir eindregið gegn samþykkt þess.

Í greinargerð með frumvarpinu koma fram staðhæfingar sem virðast ekki eiga við nein rök að styðjast. Vil ég koma á framfæri öðru sjónarhorni á þær staðhæfingar og ásakanir sem eiga sér ekki rökstuðning.

Staðhæfing í greinargerð um að blóðmerar séu látnar ganga eins oft með folöld og hægt er má rangtúlka. Hryssur sem umgangast stóðhest fylgjast öllu jafna einu sinni á ári, þá helst yfir sumartímenn. Það er hryssum eðlislægt að 'ganga' eða vera í 'hestalátum' nokkrum sinnum yfir tímabilið vor-sumar-haust - en það getur verið misjafnt eftir hryssum hvernig gangmáli þeirra er háttað. Eftirfarandi töflu er að finna í Handbók bænda:

**Gangmál og meðgöngutími búfjár
(breytileiki í svigum)**

	Gangmál (beiðmál)	Tími á milli gangmála (gangferill)	Meðgöngutími (dagar)
Kýr	20 klst (12-28)	21 dagur (18-24)	287 dagar (240-310)
Ær	48 klst (24-72)	16.5 dagur (14-19)	143 dagar (138-148)
Hryssa	5 dagar (3-8)	21 dagur (19-23)	330 dagar (303-357)
Gylla	48 klst (15-96)	21 dagur (18-24)	114 dagar (110-120)
Minkalæða	48 klst.	7-9 dagar	50 dagar (40-75)
Blárefslæða	72-120 klst.	um 1 ár	52 dagar (50-54)
Tík	9 dagar (5-19)	6 mánuðir (4-8)	63 dagar (60-65)
Kattarlæða			65 dagar (62-68)

Blóðhiti og æðaslög búfjár - Gangmál og meðgöngutími búfjár, 1997, tölubl. 47, bls. 210, Handbók bænda, Bændasamtök Íslands, Reykjavík.

Afrit á neti: (<http://saga.bondi.is/wpp/almhand.nsf/id/64C01D3C586F41E4002564B500438C2C>)

Í töflunni hér að ofan má gera ráð fyrir að um 21 dagur sé á milli gangmála hjá hryssu. Í bókinni Hrossafræði Ingimars, sem er mikið notuð af hestafólki um allt land í námi og

starfi, segir að yfirleitt séu 15-16 dagar á milli gangmála hjá hryssum. (Ingimar Sveinsson, 2010. Hrossafræði Ingimars, Prentmiðlun, [án útgáfustaðar]. bls. 195) Má ætla að hryssur séu oftár í hestalátum nú en á árum áður. Breyting á veðurfari og betri fóðurgjöf hefur líklega átt þátt í því.

Hryssum er eðlislægt að fyljast einu sinni á ári nema í einhverjum undantekningum sem og ef aðrir þættir spila inn í gangmál og frjósemi hryssa. Talið er að hryssur sem fyljast ungar (þriggja og fjögurra vetra) verði almennt frjósamari en hryssum sem haldið er seinna á lífsleiðinni (sjö vetra og eldri). Hryssur halda mikilli frjósemi og geta átt folöld langt fram eftir aldri sé þeim haldið undir stóðhest á hverju ári. (Ingimar Sveinsson, 2010. Hrossafræði Ingimars, Prentmiðlun, [án útgáfustaðar]. bls. 193) Frjósemi hryssa sem haldið er til blóðtöku er öllu jafna mjög góð og gæti það reynst hrossastofninum mikilvægt um komandi ár.

Samkvæmt greinargerð reyna bændur sem hafa hryssur til blóðtöku að hámarka afköst hvernar hryssu. Flestir bændur vinna skipulega að því að vera með sem besta afurð í búskap sínum, en það þýðir þó ekki að um dýraníð sé að ræða.

Í búskap eru nýttar margs konar vinnuaðferðir varðandi kynbætur og frjósemi búfjár. Samstillingar gangmála með lyfjum, sónarskoðanir til að athuga stöðu gangmáls, sæðingar, sónarskoðanir til að staðfesta að hryssan/kýrin/ærin/o.fl. sé með fyli/kálfi/lambi/o.fl.. Oft fylgir þessum skoðunum og sæðingum að búfénaður er fluttur á kerru milli staða. Margir nýta sér einhverjar af þessum aðferðum, sumir allar, aðrir engar, enda misjafnt eftir því um hvaða búfénað er verið að ræða, hvaða kynbætur verið sé að vinna að og í hvaða tilgangi búfénaðurinn er haldinn. Oftast er reynt að nýta náttúrulegustu leiðina, s.s. að hleypa karldýri í hóp af kvendýrum þar sem hann getur sinnt þeim eftir þörfum. Sæðingar hafa verið stundaðar til margra ára í mörgum búfjargreinum, þá lengst af hjá nautgripum og sauðfé. Sæðingar í hrossarækt á Íslandi verða æ algengari með hverju árinu sem líður, enda margir af þekktustu stóðhestum landsins láttnir sinna hryssum á þennan hátt. Hryssur sem hafðar eru til blóðtöku eru öllu jafna ekki sæddar, heldur er þeim haldið í sínum högum með öðrum kunnulegum hryssum. Stóðhesti er síðan hleypt til þeirra þar sem hann getur sinnt þeim eftir þörfum.

Sama hvaða aðferðum er beitt sem nefndar eru hér að ofan, varðandi kynbætur og frjósemi búfénaðs, er einfaldlega verið að nýta náttúrulegt eðli eða gangmál búfénaðarins til þess að ná fram sem bestum afurðum.

Það að taka blóðmerahald, þar sem ein náttúrulegasta leið hryssa til að fyljast er notuð og ætla að banna búgreinina á þeim forsendum að bændur séu að hámarka afköstin á sér engin rök. Með því að segja “Blóðmerar eru láttnar ganga með folöld eins oft og mögulegt er til að hámarka afköst hvernar merar” (texti tekinn beint úr greinargerð) er misvísandi. Ekki eru hryssur sem hafðar eru til blóðtöku að fyljast oftár eða á ónáttúrulegri hátt en annar búfénaður. Því má segja að þessi staðhæfing falli um sjálfa sig.

Í greinargerð er staðhæft að “[...] þar til hormónið finnst ekki lengur í blóði hennar. Þegar svo er komið er merunum slátrað.” Þessi staðhæfing á sér engan rökstuðning.

Hvorki er hægt að færa sannanir fyrir því að hryssur sem hafðar eru til blóðtöku séu sendar beint í sláturhús ef þær framleiða ekki hormónið PMSG/eCG né að allir 'blóðbændur' stundi þann verknað. Einnig er með þessu verið að segja að hægt sé að taka blóð úr hryssum þangað til að hormónið PMSG/eCG 'klárast' í þeim. Ekki hafa, mér vitanlega, verið opinberaðar neinar vísindalegar rannsóknir, sem sýna fram á að hægt sé að klára ákveðin hormón úr líkama skepnu með því einu að taka blóð úr henni. Til eru hryssur sem hafa verið í blóðtöku til margra ára og afsannar það þá staðhæfingu að hormónaframleiðsla þeirra einfaldlega hætti, þó að hún geti verið mismikil eftir árum og aðstæðum.

Bent er á í greinargerð að "Folöldunum er að jafnaði slátrað.", en kjötbúskapur á hrossa- og folaldakjöti hefur þekkst á Íslandi til margra ára. Íslenski hrossastofninn í heild sinni er flokkaður sem búfénaður. Það hvort að folöldum hryssa sem hafðar eru til blóðtöku sé slátrað eður ei er frumvarpinu óviðkomandi.

Í frumvarpi er vitnað til svokallaðrar heimildarmyndar þar sem dýravelferðarsamtök frá Sviss tóku upp myndbandsefni yfir þriggja ára tímabil (2019-2021). Frumvarp þetta virðist að miklu byggja á þeim 'heimildum' sem koma fram í myndbandinu. Því er vert að skoða það nánar. Myndbandið er í heildina 20 mínútur og 20 sekúndur. Umrætt myndband sýnir einhliða sjónarhorn og er áróður gegn blóðtöku hryssa hér á landi. Sem dæmi má nefna eftirfarandi atriði í myndbandinu:

- Framkvæmdastjóri ÍSTEKA ehf. er sýndur (frá mín. 4:58) eiga samræður við myndbandsgerðarfólkið. Þá er sett upp skjámynd þar sem tekið er fram hvað fór þeirra á milli, en ekki er hljóðið á til að sannreyna hvort þessi ummæli voru sögð eða ekki.
- Í myndbandinu er sýnt hrossastöð sem stendur í haga í rigningu og roki. Ýjað er til þess að hræðilegt sé að þau komist ekki í skjól. Þeir sem þekkja til íslenska hestsins vita að íslenski hesturinn hefur í gegnum aldirnar þróast með veðráttu Íslands allt frá landnámi. Í bókinni Knapamerki 2, sem er mikið notuð af hestafólki um allt land í námi og starfi, segir:

Á Íslandi líkt og í öðrum löndum mótuðust menn og hestar í takt við veðurfar og umhverfi. Meðal þeirra þátta sem helst höfðu áhrif á náttúruval íslenska hestsins eru taldir vera m.a. veðurfar og náttúruhamfarir s.s. eldgos og kuldatímabil, stutt sumur með orkuríku sumarfóðri og langir vetur þar sem beit gat verið rýr og af skornum skammti. [...] Þá varð hárafar með þeim hætti að hesturinn er fljótur að fara í þykkan og fitusmurðan vetrarfeld þegar veður kólnar en gengur úr hárum á sumrin þegar hlýnar og er þá í glansandi og snöggum sumarhárum. Hesturinn þróaði einnig með sér þann eiginleika að geta safnað orku og efnaforða mjög hratt yfir sumarmánuðina og að geta nýtt sér orkulítið og lélegt fóður þegar harðnaði á dalnum. [...] Hesturinn varð jafnframt þrautseigur, taugasterkur og skynsamur auk þess að búa yfir mikilli sjálfsbjargarviðleitni. Allt eru þetta eiginleikar sem eru mikils metnir í dag og gera íslenska hestinn að þeim sérstaka hesti sem hann vissulega er.

Kaflí: Eiginleikar og sérkenni íslenska hestsins, bls. 10

- Í myndbandinu (frá um mín. 6) er sýnt slasað hross. Landslagið í myndbandinu gefur til kynna að það sé tekið upp þar sem nokkuð mikill halli er á landinu og má sjá stór, mosavaxin grjót í haganum hjá hrossinu. Í bakgrunninn sést einnig mjög stórt stöðuvatn eða jafnvel út á einhvern fjörð. Myndbandsgerðarfólkið segir að skyndilega heyrst hvellur og þá hafi bill keyrt utan í þau af ásettu ráði. Í því myndskoti þar sem umræddur

bíll er sýndur þá sjást á mín. 6:28 nokkur bæjarskylti í bakgrunninn. Á þeim standa skýrum stöfum bæjarnöfn í Vestur-Landeyjum. Stuttu eftir, þar sem bílaeltingaleikurinn svakalegi er sýndur, þá má sjá allt annað landslag og nefnir farþeginn í bílnum við lögregluna að þau séu stödd á vegi 253, sem staðsettur er í Austur-Landeyjum. Hver sá sem þekkir til eða kynnir sér landslag Landeyja veit að öllu jafna er ekki þar að finna nein stórgrýti og hvorki svo mikinn halla á landi né vötn að þeirri stærðargráðu sem sást hjá slasaða hrossinu.

Ekki er sannreynt hvort að þetta slasaða hross sé úr blóðmerastóði, en hentaði eflaust vel til að nota við myndbandsgerðina.

- Tekið er fram í myndbandinu að blóðsöfnun fari fram síðla sumars á Íslandi. Að fimm lítrar séu teknir úr hverri hryssu, einu sinni í viku, í allt að 10 vikur. Um 40 lítrar á blóði séu teknir úr hryssum. Þessar staðhæfingar gefa ranga mynd. Raunin er sú að hryssa framleiðir tiltekið hormón í nægilegu magni í að meðaltali um fimm vikur yfir meðgöngutímabil. Sumar framleiða minna en aðrar meira. Það er þó að hámarki tekið átta sinnum úr hryssum. Það segir okkur að teknir eru 25 lítrar að meðaltali úr hryssum í heildina en að hámarki séu teknir 40 lítrar.
- Í myndbandinu er sagt að strappi sé settur yfir bak hryssanna til að koma í veg fyrir að þær þrjóni í básunum. Þetta komi í veg fyrir frjálssar hreyfingar hryssunnar og sé þannig brotið á henni. Seinna er sýnt myndbrot þar sem strappi hefur ekki verið settur yfir bak hryssu sem er í bás. Hryssan þrjónar og festir framfót út um gat ofarlega í básnum. Hryssan hefði ekki lent í þessum aðstæðum hefði hún ekki náð að þrjóna upp. Varpar þetta myndbrot ljósi á að strappinn sé staðsettur í básunum til þess að koma í veg fyrir slys.
- Í myndbandinu er sýnt að hryssa og folald hennar eru að tjá sín á milli (hneggja) og er sagt að þau séu að láta hvort annað vita að þau séu í stressandi aðstæðum. Einnig er sagt að með þessum samskiptum séu þau að ýta undir meira stress. Þeir sem hafa umgengist hross í einhvern tíma vita vel að hryssa og folald kalla oft sín á milli, til dæmis að fá að vita um staðsetningu hvors annars. Alveg sama hvort að það sé úti í haga þar sem folöld eru oft á leik, þar sem verið er að smala hrossum í réttir eða þar sem hryssur eru hafðar í blóðtöku. Þegar farið er vel að hryssum í blóðtöku og folöld fá að fylgja þeim eftir er reyndin sú að lítið er um hnegg í hópnum, enda vita þau af hvort öðru.
- Fram kemur að hryssa sem fýlar grön (brosir eða brettir upp á efri vör og sýnir tennur í efri góm) sé þannig að meta lykt sem er í kringum hana, þá líklega stressaukandi lykt. Í flestum tilfellum þar sem hross fýla grön þá eru þau að meta nýja, framandi, skrítna eða sterka lykt. T.d. af máluðu eða ábornu timbri, af handáburði á höndum fólks, af allskonar mat o.fl.. Oft fýla stóðhestar grön þegar þeir finna lykt af hlandi hryssa sem og taði annara hrossa. Þetta gera þeir til að meta hvort að hryssur séu í hestalátum eða ekki. Sérstaklega er tekið fram í myndbandinu að hryssan er líklega að meta stressandi lykt í umhverfinu, þó að sjaldan séu hross að fýla grön í stressandi aðstæðum, heldur frekar til að meta nýja/skrítta lykt. Annar búfénaður gerir slíkt hið sama. Ensk útskýring á atferlinu hljóðar svo:

Flehmen response

Definition

noun

A behavior in certain animals wherein the animal curls back the upper lip thereby exposing the front teeth, to facilitate the transfer of scents and pheromones into the vomeronasal organ above the roof of the mouth via a duct.

Supplement

The flehmen response is an animal behavior in which the animal curls back the upper lip. This exposes the front teeth and gums of the animal. [...] These animals perform the flehmen response to investigate a source of scent of particular interest. When these animals carry out such behavior it seems that they are laughing or smirking.

The flehmen response is essential in identifying reproductive status of a potential mate. Some animals, such as goats, perform this behavior as a response to the smelling of urine, including those from other species.

- Tekið er fram í myndbandinu að básarnir sem nýttir eru til blóðtöku séu illa hannaðir og að eina markmiðið með smíði þeirra sé blóðtaka hjá hryssum. Almennt setja bændur upp bása hjá sér til þess að meðhöndla búfenað. Ekki aðeins til beinnar afurðanýtingar, heldur einnig til annarskonar meðhöndlunar. Básarnir nýtast vel til þess að örmerkja búfenað, sónarskoðanir, til lyfjameðferða, til að meðhöndla sár/meiðsli, klippa hófa/klaufir, o.s.fr.. Myndbandsgerðarfólkið tekur fram að slyshætta sé af básunum. Að þeir séu illa hannaðir og að göt á hliðum þeirra séu slysgildrur. Hönnun bása hefur þróast í gegnum árin með samstarfi, reynslu og þekkingu dýralækna og bænda. Básar eru flestir smíðaðir með það í huga að götin á hliðum þeirra séu ekki of stór einmitt til þess að ekki sé slyshætta af notkun þeirra. Þessi göt eru til þess að setja t.d. rör eða spýtu fyrir aftan hrossin og er hægt að staðsetja þau í gegnum básinn á mismunandi stöðum (allt eftir því hversu stór/löng hrossin eru, enda eru þau mismunandi að stærð). Þannig er hægt að koma í veg fyrir slys með því að staðsetja spýtu/rör á sem hentugastan stað svo að hægt sé að meðhöndla hrossin á sem öruggastan hátt. Stærri göt eru ofarlega, framantil í básunum og ættu hrossin ekki að ná að slasa sig á þeim nema ef skepnan hoppar upp/prjónar. Til þess eru strapparnir settir í básana eins og áður kom fram.
- Eftirfarandi punktar í myndbandinu voru eftirtektarverðir, samkvæmt þeim sem framleiða myndbandið og fólki sem þau ráðfæra sig við þá:
 - Þegar hryssa hleypur beint úr básnum þá er hún að flýja mjög stressandi og vonda meðferð.
 - Þegar hryssa labbar að folöldum áður en hún hleypur burt þá greinilega svimar henni eftir þessa slæmu meðhöndlun.
 - Þegar hryssur labba rólega úr básnum og hrista sig áður en þær labba rólega áfram þá reyna þær að jafna sig eftir þessa hræðilegu meðhöndlun.Þekktist vel að hross sem sleppt er eftir reiðtúr, keppni eða aðra þjálfun hlaupi beint frá manneskju út í hagann. Einnig þekktist vel að hross hristi sig og jafnvel velti sér eftir að þeim er sleppt eftir meðhöndlun. Hryssan í myndbandinu gæti vel hafa verið að athuga hvort að hennar folald stæði þarna til hliðar við básana áður en hún labbaði svo af stað. Ekki er hægt að segja að hross sem hugsað er vel um í brúkun/þjálfun og annarri meðhöndlun séu líka að flýja svona hræðilegar aðstæður eins og sagt er í myndbandinu. En hryssur sem hafðar eru til blóðtöku, og hegða sér eins, eru svo sannarlega að gera það. Það á allavega að láta fólk trú því, ýta undir áróður og útskýra þetta atferli ekki betur.

Eins og áður kom fram er myndbandið í heildina 20 mínútur og 20 sekúndur. Flutningsmenn frumvarps telja þetta myndband vera heimildarmynd um blóðmerabúskap á Íslandi og leggja það til grundvallar í frumvarpi við banni á búgreininni. Því miður er ekki að heyra að flutningsmenn frumvarps séu reiðubúnir til að vinna með bændum innan greinarinnar og rannsaka málið betur.

Í frumvarpinu segir svo:

Í myndinni er fjallað um blóðmerahald á Íslandi þar sem greinilega kemur í ljós sú illa meðferð, misþyrming og dýraníð sem hryssurnar þurfa að sæta við blóðtökuna. Í myndinni eru færð rök fyrir því að ætla megi að slíkt harðræði tíðkist almennt við blóðtökuna hér á landi.

Þarna er í raun staðhæft að hryssur sem hafðar eru til blóðtöku sæti allar dýraníði og hrottalegri meðferð svipað því sem kemur fram í myndbandinu. Er þetta alvarlegar ásakanir sem lagðar eru fram á alla bændur sem starfa innan þessarar búgreinar. Ekki er heldur svo auðvelt að sjá eða heyra þessi 'rök' í myndbandinu sem sögð eru styðja við að slíkt harðræði tíðkist almennt við blóðtöku hér á landi.

Undirrituð tók saman sekúndurnar þar sem sýnt er meint ofbeldi gagnvart hryssum í myndbandinu. Undirrituð taldi samtals 182 sekúndur, eða þrjár mínútur og tvær sekúndur í heildina. Vinnsla á þessu myndefni hefur tekið um þrjú ár í heildina (2019-2021). Má reikna með að til sé margra klukkustunda myndefni en er í heildina aðeins notað lítið brot af því. Einnig má gera ráð fyrir að sýnd hafi verið tilklippt myndbrot sem gæfu verstu mögulegu mynd af blóttöku. Einhliða sjónarhorn er í svokallaðri 'heimildarmynd' og gera flutningsmenn frumvarps ráð fyrir því að efni myndbandsins, sem náðist á tveimur 'blóðbæjum', sýni rétta mynd af búgreininni um land allt. Samkvæmt greinargerðinni eiga þrjár mínútu og tvær sekúndur að sýna fram á að allir bændur sem nýta hryssur til blóttöku séu dýraníðingar og að banna eigi búgreinina tafarlaust. Fellur þessi staðhæfing alfarið um sjálfa sig.

Niðurlag: Frumvarpið er illa undirbúið. Virðast flutningsmenn frumvarpsins ekki hafa kynnt sér allar hliðar málsins. Samkvæmt ofangreindu á greinargerð frumvarpsins ekki við nein rök að styðjast.

Mikill skaði verður af því að banna tafarlaust blóðmerahald hér á landi. Tekjur margra bænda skerðast verulega og sjá jafnvel einhverjir fram á að geta ekki haldið öllu hrossastóði sínu uppi án þeirra (svo ekki sé minnst á hækkun á áburðarverði og öðrum aðföngum). Ekki aðeins skerðast tekjur bænda, heldur einnig margra sem koma að utanumhaldi búgreinarinnar (verktakar, dýralæknar, eftirlitsmenn, starfsfólk á rannsóknarstofu, starfsfólk í flutningi efnis o.fl.). Með tafarlausu banni á blóðmerahaldi á Íslandi gæti mögulega komið krafa um að ríkissjóður kæmi til móts við bændur vegna tekjufalls með einum eða öðrum hætti.

Undirrituð leggur til að gerð yrði vönduð rannsókn á áhrifum blóttöku á hryssur og folöld þeirra. Unnið væri í samstarfi við bændur innan greinarinnar um að rannsaka blóðsýni úr hryssum nokkur skipti yfir árið. Gerðar yrðu allsherjar heilsufarsskoðanir á hryssum í blóttöku og einnig að sannreyna að folöld undan hryssum sem hafðar eru til blóttöku hljóti ekki skaða af, sama hvort það yrði gert með blóðsýnatöku eða með nákvæmri skráningu og skoðun fallþunga og kjötgæða folalda í sláturhúsi.

Með þessum aðgerðum væri hægt að ganga úr skugga um hvort að blóðtaka hafi neikvæð áhrif á heilsufar og líferni hryssa og folalda hér á landi. Enginn sannur bóndi vill stunda búskap þar sem búfénaður hlýtur skaða af. En reynist svo að aðeins þurfi að gera smávægilegar breytingar á vinnuferlum eða að blóðtaka hafi ekki neikvæð áhrif á líferni hryssa og folalda (jafnvel jákvæð), þá getur búgreinin blómstrað hér á landi, verið atvinnuskapandi og skilað inn miklum gjaldeyrstekjum til landsins. Erlend lyfjafyrirtæki sem nýta PMSG/eCG til framleiðslu lyfja vilja mikið frekar versla hormónið frá Íslandi heldur en annarstaðar því hér á landi er mesta eftirlit með búgreininni sem finnst í heiminum. Einnig lifa hryssurnar við sem náttúrulegastar og góðar aðstæður.

Umrædd búgrein uppfyllir markmið laga um velferð dýra, en þau eru: að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Ennfremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.

Með rannsóknum, góðu eftirliti og vinnuaðferðum tel ég vel hægt að stunda blóðmerabúskap hér á landi með velferð hryssa að leiðarljósi.

**Virðingarfyllst,
Þórdís Ingunn Björnsdóttir**